



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 18/2019

Afturköllun á tíðniheimild Yellow Mobile B.V.

(mál nr. 2019020079)

I.

Boðun ákvörðunar

(1) Þann 7. júlí 2017, fékk Yellow Mobile B.V., Mobile B.V., Badhusiskade 24, The Hague, 2586EP, Zuid-Holland, The Netherlands (hér eftir nefnt Yellow) úthlutaða heimild til notkunar á tíðnum fyrir háhraða farnetsþjónustu á 2560 - 2570 / 2680 - 2690 MHz tíðnisviðinu að því marki og með þeim skilyrðum sem fram komu í tíðniheimildinni.

(2) Vegna vanefnda Yellow á að standa við skilmála tíðniheimildarinnar var Yellow tilkynnt bréflega, þann 16. maí sl., að Póst- og fjarskiptastofnun hygðist afturkalla fyrrnefnda tíðniheimild.

II.

Málavextir og bréfaskipti

2.1. Upphaf máls og fyrri samskipti við Yellow

(3) Yellow fékk úthlutaða heimild til notkunar á 2 x 10 MHz fyrir háhraða farnetsþjónustu á tíðnisviðinu 2560 - 2570 og 2680 - 2690 MHz, þann 7. júlí 2017.

(4) Í 3. mgr. 2. gr. tíðniheimildarinnar er gerð krafa um að tíðnisviðið skv. heimildinni yrði tekið í notkun innan 12 mánaða frá útgáfu heimildarinnar. Í tíðniheimildinni er hugtakið *notkun* skilgreint á þann veg að með því sé átt við „að fjarskiptaþjónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun.“ Var það í samræmi við þær kröfur sem gerðar voru í skilmálum útboðsins 22. maí 2017 varðandi 2600 MHz tíðnisviðið. Þar sem gerð var krafa um skilvirka nýtingu tíðna og að þær yrðu komnar í skilvirka notkun við framboð á almennri fjarskiptaþjónustu, sem sannanlega væri í boði fyrir almenning og væri notuð af endanotendum, innan 12 mánaða.

(5) Samkvæmt tíðniheimildinni bar Yellow því að hefja skilvirka notkun tíðnanna eigi síðar en 7. júlí 2018, sbr. 3. mgr. 2. gr. tíðniheimildarinnar. Þann 17. september 2018 átti PFS fund með Yellow þar sem PFS féllst á að að koma til móts við ósk Yellow og framlengja frest Yellow til að hefja notkun á tíðninni til 1. nóvember 2018. Á þessum fundi var farið fram á að Yellow

myndi senda PFS uppfærða uppbyggingaráætlun til samræmis við framlengdan frest. Þessi áætlun barst aldrei.

(6) Þann 21. nóvember 2018 barst PFS tölvupóstur frá Yellow þar sem það óskaði eftir að fá úthlutaðum símsstöðvarkóða fyrir farsímaþjónustu(MNC kóða). Þar sem að umbeðin uppbyggingaráætlun hafði aldrei borist og framlengdur uppbyggingarfrestur þegar liðinn var umsóknin ekki tekin til meðferðar að svo stöddu. Þessu til viðbótar hafði Yellow ekki staðið í skilum vegna leyfisgjalda fyrir árið 2018. Var umsókninni hafnað að svo stöddu og það tilkynnt í tölvupósti 6. desember 2018.

(7) Þann 4. mars 2019 barst PFS tölvupóstur frá Yellow þar sem vísað var til þess að það hefði greitt skuld sína vegna leyfisgjalda og óskað var eftir að fyrirtækið fengi úthlutaðan MNC kóða fyrir farsímaþjónustu. PFS svaraði beiðninni með tölvupósti samdægurs þar sem fyrirtækið var minnt á að uppbyggingaráætlun í samræmi við framlengda frestinn til 1. nóvember 2018 hefði aldrei borist. Var skorað á fyrirtækið að leggja fram uppbyggingaráætlun og að það setti fram þá dagsetningu sem það hygðist hefja þjónustu. PFS gaf Yellow frest til 20 mars sl. til að leggja uppbyggingaráætlunina fram.

(8) Þann 8. mars sl. barst PFS tölvupóstur frá Yellow og í viðhengi var uppbyggingaráætlun Yellow þar sem fyrirtækið sagðist nú ætla að hefja þjónustu um 3 vikum síðar eða þann 1. apríl 2019. Uppbyggingaráætluninni var skipt í fjóra hluta. Á fyrsta og öðrum hluta ætlaði fyrirtækið sér að setja upp samtals þrjú senda í og við Keflavíkurflugvöll á tímabilinu frá 1. apríl til 1. október 2019. Í þriðja hluta ætlaði fyrirtækið sér að þekja veginn frá Keflavík til Reykjavíkur frá 1. janúar 2020. Þá var í fjórða hlutanum ætlunin að þekja Reykjavík frá 1. janúar 2021. Í tölvupóstinum kom einnig fram að fyrirtækið væri með reiki samning við Símann hér á landi frá 1. apríl 2019. Einnig hygðist fyrirtækið uppfæra farnet sitt í 5G 1. júlí 2020. Það skal tekið fram að þessi nýja uppbyggingaráætlun, þ.m.t. tímasetningar, var aldrei borin undir PFS og óskað álits eða samþykkis fyrir henni.

(9) Í tölvupóstinum 8. mars sagðist Yellow hafa gert samning við Símann hf. í september 2018 um uppbyggingu netkerfis. Það netkerfi hafi verið prófað í október 2018. Yellow hafi hins vegar ekki getað notað farnet sitt og veitt þjónustu vegna þess að það hefði ekki kóða fyrir farsíma. Því ítrekaði Yellow ósk sína um úthlutun MNC kóða í tölvupóstinum.

(10) Rúmum tveimur vikum síðar eða þann 26. mars 2019 úthlutaði PFS til Yellow MNC kóða og var það tilkynnt fyrirtækinu með bréfi sem sent var sama dag til Yellow í Hollandi á pósthöfund sem PFS hafði fengið hjá fyrirtækinu, einnig var Yellow sendur tölvupóstur með úthlutuninni. Bréfið komst hins vegar ekki til skila og var endursent þar sem viðtakandi fannst ekki á uppgefnu pósthöfund.

(11) Það er svo þann 10. apríl 2019 sem PFS berst tölvupóstur frá Yellow þar sem beðist er velvirðingar á síðbúnu svari en í honum þakkaði fyrirtækið fyrir úthlutun MNC kóðans og kvaðst ætla að nota hann vel. Í þessum tölvupósti var ekkert minnst á að Yellow hefði flutt pósthöfund sitt.

(12) Þar sem að bréfpóstur frá PFS til Yellow hafði verið endursendur taldi PFS rétt að leita staðfestingar félagsins á að uppgefið pósthöfund væri rétt, sbr. tölvupóst til Yellow dags. 12. apríl 2019, þar sem óskað var eftir staðfestingu á að uppgefið pósthöfund félagsins væri rétt. PFS fékk ekki svar við þessu erindi fyrr en með tölvupósti dags. 13. júní 2019, þar sem tilkynnt var um breytt pósthöfund félagsins.

(13) Þann 30. apríl 2019 sendi PFS tölvupóst á Yellow þar sem vísað var til fyrri samskipta og yfirlýsingar Yellow í tölvupóstinum frá 8. mars sl. um að hefja þjónustu þann 1. apríl 2019. Óskað var upplýsinga um stöðuna á verkefninu og þá minnti PFS á að sá frestur sem Yellow hefði fengið og það skuldbundið sig til að hefja þjónustu væri löngu liðinn. Þess var óskað að fyrirspurn PFS yrði svarað án tafar. Fyrirspurninni var á hinn bóginn ekki svarað fyrr en eftir að PFS sendi Yellow tilkynningu um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildarinnar þann 16. maí s.l.

2.2. Nánari rannsókn á tæknilegri högun á fyrirhugaðri fjarskiptaþjónustu Yellow

(14) PFS hafði fengið send afrit frá Símanum um heildsöluviðskipti félagsins við Yellow um haustið 2018. PFS taldi rétt, þar sem nokkur tími hafði liðið frá gerð samninganna og ljóst að Yellow hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar um að hefja notkun á tíðninni, að óska eftir upplýsingum frá Símanum um hvort verið væri að vinna samkvæmt samningnum á óbreyttum forsendum og, ef ekki, hvaða breytingar hafi þá verið gerðar. Auk þessa kallaði PFS eftir nánari skýringum á þeirri þjónustu sem Síminn væri að veita Yellow. Hafði PFS þá m.a. í huga að Yellow hafði aldrei sótt um númer vegna þjónustu sinnar sem bent gæti til þess að ætlunin væri að Síminn myndi útvega og þjónusta Yellow um númer.

(15) Með tölvupósti til Yellow, dags. 18. júní 2019, var félaginu send stutt samantekt á þeim upplýsingum sem borist höfðu frá Símanum um viðskipti félaganna. Óskaði PFS staðfestingar á upplýsingunum frá Yellow. Í svari daginn eftir barst staðfesting frá Yellow á upplýsingunum, ásamt ýmsum ábendingum þar að lútandi. Í stuttu máli er hægt að draga saman upplýsingar um tæknilega högun á fjarskiptaþjónustu Yellow á eftirfarandi hátt:

- a. Síminn reisir og rekur farnetsendabúnað fyrir Yellow,
- b. Sendabúnaðurinn er í eigu Símans, en samkvæmt samningi er finna kaupréttarákvæði Yellow á búnaðinum.
- c. Síminn mun veita Yellow aðgang að númeraröð sinni 3851XXXXX. Yellow hyggst nota tveggja kóða IMSI SIM kort (e. Multi-IMSI simcards). Kort Yellow munu samanstanda af tveimur IMSI númerum, eitt frá Yellow og eitt frá Símanum. Yellow mun nota 385 1XX XXX númer fyrir IMSI Símans. IMSI kóði Yellow verður fyrsta val þegar kortið er virkjað og IMSI Símans verður annað val. Á Íslandi getur Yellow IMSI skráð sig bæði á kerfi Yellow og einnig á kerfi Símans fyrir innanlands reiki. Fyrir utan Íslandi munu bæði Yellow IMSI og Síminn IMSI geta skráðs sig á gestanetið í reiki. Fyrst verður reynt að skrá Yellow IMSI en ef það bregst mun Síminn IMSI reyna að skrá sig á netið
- d. Númeraröðin 3851XXXXX verður bundin símstöðvarkóða Símans. Fáir Yellow úthlutað númer verða þau bundin símstöðvarkóða Yellow.
- e. Númer sem bundin eru símstöðvarkóða Yellow munu ekki hafa aðgang að reikiþjónustu að svo stöddu. Yellow vinnur að því að fá aðgang að GSMA¹ sem er forsendan fyrir því að geta gert reikisamninga. Það hafi orðið töf á umsókn félagsins að samtökunum þar sem þau gera kröfu um tíðniheimild í enskri útgáfu,

¹ GSMA eru alþjóðleg hagsmunasamtök farnetsrekenda: <https://www.gsma.com/aboutus/>

en PFS útvegi ekki tíðniheimildir í enskri útgáfu. Þegar liggja fyrir samningsvilji um gerð reikisamninga við tiltekin fjarskiptafyrirtæki í Kína og Hong Kong.

- f. Síminn hefur prófað SIM kort til notkunar fyrir Yellow.
- g. Pöntun á 10.000 SIM kortum liggur fyrir hjá framleiðanda, en hefur ekki verið staðfest af hálfu Yellow. Vegna öryggissjónarmiða hefur félagið ekki viljað staðfesta pöntunina fyrr en að félagið hefur fengið úthlutað númerum frá PFS til að prenta að á SIM kortin.

2.3. Tilkynning um afturköllun tíðniheimildar

(16) Í ljósi þess að engin svör höfðu borist frá Yellow um notkun tíðninnar, þrátt fyrir að óskað hefði verið tafarlausra svara um stöðu mála, sbr. tölvupóst frá PFS dags. 30 apríl 2019, sendi PFS tilkynningu til Yellow, þann 16. maí 2019, þess efnis að fyrirhugað væri að afturkalla tíðniheimild fyrirtækisins. Í tilkynningunni voru málavextir raktir stuttlega.

(17) Með tölvupósti dags. 29. maí 2019 staðfesti Yellow móttöku tilkynningarinnar um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildarinnar en mótmælti fyrirhugaðri afturköllun. Í þessum tölvupósti komu fram nýjar upplýsingar um að Yellow ætlaði sér að setja upp fyrsta sendistaðinn að Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík sem yrði gangsettur seinni hluta júní 2019. Yellow hélt því líka fram í tölvupóstinum að seinkun á uppsetningu væri vegna þess að PFS hefði ekki úthlutað Yellow MNC kóða fyrir en 26. mars sl. hefði Síminn því ekki getað haldið áfram með uppsetningu kerfisins. PFS gerir athugasemdir við þær fullyrðingar sem fram koma í þessum tölvupósti. Í fyrsta lagi var úthlutun MNC kóðans háð því að Yellow gerði upp gjaldfallna skuld sína vegna tíðniheimildarinnar og fór úthlutun fram um leið og skuldin var greidd. Í öðru lagi þá var MNC kóðinn ekki forsenda fyrir uppbyggingu sendakerfis Yellow eins og Yellow hafði sett fram í uppbyggingaráætlunum sínum haustið 2018 og vorið 2019. Í þriðja lagi þá var uppsetning á sendi í eigu Símans hf. að Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík og Yellow ætlar sé að hafa not af alls ekki í samræmi við framlagðar uppbyggingaráætlanir Yellow. Í fjórða lagi þá var gangsetning sendisins að Suðurlandsbraut 28 í júní 2019 enn og aftur ný tímasetning sem Yellow hafði tekið sér án aðkomu eða samþykkis PFS.

(18) Þann 13. júní barst PFS tölvupóstur frá Yellow þar sem fram kemur að sendir hafi verið gangsettur að Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík, daginn á undan eða 12. júní, fram kemur þó að eftir sé að vinna einhverja vinnu við kerfið. Þá muni Yellow upplýsa PFS um nýjar upplýsingar þegar það á við.

(19) Þann 18. júní 2019 sendi PFS tölvupóst til Yellow þar sem PFS listaði upp atriði frá a-g, sbr. kafli 2.2. hér að framan, sem tekin höfðu verið saman um stöðu mála varðandi Yellow og var félaginu gefið tækifæri til andsvara til 27. júní.

(20) Svar barst frá Yellow þann 19. júní og þar staðfestir Yellow að það hafi ekki ætlað sér að fylgja þeim uppbyggingaráætlunum sem það hafði lagt fram haustið 2018 og vorið 2019. Í póstinum kemur fram að Yellow ætlar sér ekki að eiga þann sendibúnað sem notaður yrði, heldur Síminn hf. Þá ætlar Yellow að nýta IMSI kort sem styðja a.m.k. tvö IMSI númer, frá Yellow og frá Símanum hf. og þá ætlar Yellow að hafa sitthvora númeraröðin annars vegar frá Yellow og hins vegar frá Símanum hf. Þá kom fram að símanúmer frá Yellow myndu ekki virka nema á þeim eina sendi sem á að vera í gangi á Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík, annars staðar yrðu viðskiptavinir að nota númerið frá Símanum og um reiki færi eins og er með önnur símanúmer frá Símanum hf.

2.4. Andmæli um forsendur afturköllunar tíðniheimildarinnar

(21) Þótt Yellow hafi verið ljóst í nokkurn tíma að PFS teldi að félagið væri að vanefna skuldbindingar sínar um notkun tíðninnar og gefist tækifæri á því gefa skýringar sínar fyrir því var, að mati PFS, ekki fyllilega tryggt að Yellow gerði sér grein fyrir forsendum afturköllunarinnar og hefði heildaryfirsýn yfir þá málavexti sem hún myndi byggja á. Því taldi PFS rétt, sbr. tölvupóst dags. 15. júlí 2019, að gera grein fyrir meginforsendum fyrirhugaðrar afturköllunar, þ.e. útskýra hverjar væru skuldbindingar félagsins, samkvæmt skilmálum tíðniheimildarinnar, og hvernig félagið væri að vanefna þær. Sömuleiðis var farið yfir tímaröð helstu atburða, eins og þeir eru raktir í málavaxtalýsingu þessa kafla.

(22) Að gættum sjónarmiðum um meðalhóf og sanngirni var framangreind samantekt PFS skrifuð á ensku með það fyrir augum að Yellow ætti auðveldara með að gæta hagsmuna sinna. Hins vegar var tekið fram að bréfaskipti í íslenskum stjórnsýslumálum færu fram á íslensku. Því yrðu svör Yellow þýdd yfir á íslensku, auk þess sem öll frekari samskipti vegna þessa máls, af hálfu PFS, yrðu á íslensku. Yellow var veittur frestur til 1. ágúst að skila inn athugasemdum.

(23) Svör Yellow bárust með tölvupósti, ásamt fylgigögnum, dags. 1. ágúst 2019. Í köflunum hér á eftir verða athugasemdir og sjónarmið Yellow dregin saman, eftir því sem þurfa þykir.

2.4.1. Þýðing orðsins „notkun“ í tíðniheimildinni

(24) Skilmáli 2. gr. tíðniheimildarinnar kveður á um að að tíðnir samkvæmt heimildinni skuli teknar í notkun innan 12 mánaða frá útgáfu hennar. Síðan er tiltekið „Með notkun er átt við að fjarskiptajónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun.“ Yellow vísar til þess að orðið frelsisnotkun sé ekki til sem sérstakt ísenskt orð heldur sé um að ræða orð sem sé samsett úr tveimur orðum „frelsi“ og „notkun“. Þannig er það skilningur Yellow að orðið „frelsisnotkun“ merki „tæknilegt hlutleysi“. Því er það ályktun Yellow að skilmálinn þýði að hvers konar opinber notkun á tíðninni uppfylli umrætt skilyrði skilmálans.

2.4.2. Notkun tíðninnar á 2600 MHz tíðnisviðinu og gangsetning kerfis

(25) Yellow vísar til þess að félagið hafi ekki getað byrjað að nota tíðnisviðið fyrr en 1. október 2017, þar sem að Vodafone hafi ekki fyrr en þá að fullu hætt afnotum sínum á tíðnisviðinu.² Telur Yellow að það eigi að miða 12 mánaða frest til að hefja þjónustu á tíðnisviðinu frá því tímamarki eða í október/nóvember 2018. Yellow hafi hafið notkun tíðninnar, sbr. skilmála 2. gr. heimildarinnar, með prófun á henni árinu 2017 og svo að fullu gangsett fjarskiptakerfið þann 13. júní 2019.

2.4.3. Ástæður fyrir töfum á gangsetningu kerfis

(26) Það eru tvær meginástæður fyrir seinkun gangsetningar á fjarskiptaneti Yellow.

(27) Annars vegar sé það ávallt tímafrekari fyrir nýjan netrekanda að setja upp og gangsetja fjarskiptanet, heldur en fyrir starfandi netrekanda að stækka kerfi og hefja nýja notkun tíðna.

² Áður var 2600 MHz tíðnisviðið notað til MMDS sjónvarpsdreifingar á Suðvestur horni landsins, en það var lagt niður í áföngum frá miðju ári 2017 til 1. október það ár.

Ekki sé óalgennt að það taki taki nýja aðila í Evrópu að meðaltali um 18 mánuði að gangsetja nýtt fjarskiptanet. Það hafi tekið Yellow 17 mánuði að ná þeim áfanga.

(28) Hins vegar sé hin ástæðan sú að PFS hafi dregið að úthluta Yellow kóðum og númerum. Yellow hafi sótt um númer og kóða á fundi með PFS 17. september 2018 og síðan áréttað þá umsókn með tölvupósti nokkrum dögum síðar eða þann 25. september. Vísar félagið til tiltekinna tölvupóstsamskipta því til stuðnings. Eftir að hafa að fullu greitt árgjöld fyrir tíðniafnot í október 2018 hafi félagið sótt um úthlutun á kóða, sbr. bréf dags. 11. nóvember 2018.³ Þeirri umsókn hafi verið hafnað vegna vanskila Yellow á tíðnigjöldum. Í febrúar 2019 hafi komið í ljós að Yellow hafði ofgreitt gjöld fyrir árið 2018 og ekki verið í neinum vanskilum þegar PFS hafnaði umsókninni.

2.4.4. Nánar um úthlutun á kóða og númerum

(29) Yellow vísar til þess að félagið hafi fyrst sótt um kóða og númer á fundi með PFS þann 17. september. Þessi umsókn hafi síðan þá þrívægis verið ítrekuð eða með tölvupóstum dags. 13. júní, 17. júní og 1. júlí 2019. Þessum umsóknum hafi PFS hafnað, þar sem fyrirhugað væri að afturkalla tíðniheimild félagsins og stofnunin því litið svo á að tíðniheimildin væri í framkvæmd (e. de facto) þegar afturkölluð.

(30) Til að gefa upplýsingar um heildarmyndina hafi Yellow sent PFS uppbyggingaráætlun sína þann 8. mars 2019. Kóðanum hafi síðan verið úthlutað af hálfu PFS, sbr. bréf dags. 26. mars 2019. Ekki hafi verið hægt að gangsetja kerfið strax í framhaldi af því vegna páskaleyfa, auk þess sem þrír virkir dagar væri of knappur tími til að gangsetja kerfið innan tímamarka þann 1. apríl 2019.

(31) Af þessu dregur Yellow þær ályktanir að PFS hafi með ólögum hætti synjað félaginu um úthlutun á MNC kóða frá nóvember 2018 fram til 26. mars 2019. Það hafi þannig verið PFS sem hafi komið í veg fyrir að kerfið hafi ekki verið gangsett innan tilskilinna tímamarka. Yellow hafi tekist að gangsetja kerfið á tíu vikum eftir að félagið fékk úthlutaðan MNC kóða.

2.4.5. Fyrri fordæmi og jafnræði aðila

(32) Yellow vísar til fordæmis í tilviki vanefnda 365 miðla ehf. á uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt tíðniheimild. Eftir að vanefndir þess félags hafi staðið yfir í um fjögur ár hafi það aðeins verið beitt dagsektum sem námu 0,2% af verði tíðniheimildarinnar. Yellow vísar til þessa fordæmis og fer fram á að jafnræðis sé gætt milli aðila, en til stuðnings þeirri kröfu vísar félagið til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum.

2.4.6. Umfjöllun um meinta skaðabótaábyrgð og valdniðslu PFS

(33) Þá fjallar Yellow um meinta skaðabótaábyrgð og ásakana um illgjarna háttsemi PFS í garð félagsins. Ekki þykir vera tilefni til að rekja þá umfjöllun nánar, enda um að ræða atriði sem standa til hliðar við efni þessarar ákvörðunar, ef félagið telur að með ávörðuninni eða í aðdraganda hennar hafi verið brotið á rétti þess.

³ Hér er væntanlega um að ræða innsláttarvillu, þar sem að skrifleg umsókn Yellow um kóða barst með tölvupósti og meðfylgjandi bréfi frá 21. nóvember 2018

III. Forsendur og niðurstaða

3.1. Almennt um lagaskilyrði

(34) Póst- og fjarskiptastofnun hefur það hlutverk, sbr. c-lið 2. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um PFS, að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða. Ljóst má vera að ákvarðanir stofnunarinnar um hagnýtingu tíðnirófsins geta haft áhrif á þróun fjarskiptamarkaðarins, en samkvæmt 3. tölulið áður nefnds ákvæðis hvíla á stofnuninni ákveðnar frumkvæðisskyldur í þeim efnum, m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, sbr. a-lið, og hvetja til uppsetningar á þeim, sbr. b-lið. Þá ber stofnuninni ávallt að hafa að leiðarljósi í störfum sínum að virk samkeppni ríki á fjarskiptamarkaði, sbr. 2. tölulið fyrrnefnds ákvæðis svo og 2. mgr. 1. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

(35) Nánar er fjallað um hlutverk og skyldur PFS varðandi skipulag og hagnýtingu tíðnirófsins í 14. gr. fjarskiptalaga, en ákvæðið er svo hljóðandi:

„Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og birta það opinberlega, og veita upplýsingar um skipulagið eftir þörfum.“

(36) Í 10. gr. fjarskiptalaga er einnig að finna heimild PFS til að setja skilyrði fyrir notkun tíðna, þar á meðal getur stofnunin sett skilyrði um að notkun tíðna sé *skilvirk*, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga og ennfremur að efndar séu skuldbindingar sem gengist er undir í útboði, sbr. f-lið 1. mgr. sömu greinar. Með þátttöku í tíðniuppboði samþykkir aðili þá skilmála sem um það gildir og á réttindi og ber skyldur samkvæmt þeim.

(37) Til þess að geta rækt hlutverk sitt samkvæmt framangreindu þarf PFS að hafa svigrúm til að breyta skilyrðum tíðniréttinda og eftir atvikum afturkallað þau ef nauðsyn krefur.

(38) Í 73. gr. fjarskiptalaga er fjallað um úrræði í þeim tilfellum þegar fjarskiptafyrirtæki fara ekki að skilmálum réttinda, svo sem réttinda sem felast í tíðniheimild. Komist PFS að þeirri niðurstöðu að svo sé skal stofnunin tilkynna fyrirtækinu þá niðurstöðu og gefa því tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri eða lagfæra brot sitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar. Láti fjarskiptafyrirtæki ekki af broti sínu innan settra tímamarka, segir í 3. mgr. að PFS skuli grípa til viðeigandi ráðstafana, skv. 5. mgr. 74. gr. laganna. Þá segir í 5. mgr. 73. gr. laganna að PFS geti m.a. afturkallað réttindi tímabundið eða varanlega.

(39) Í 74. gr. laga um fjarskipti er fjallað um viðurlög brjóti fjarskiptafyrirtæki gegn lögum eða skilyrðum réttinda, en í 5. mgr. ákvæðisins segir:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum.“

3.2. Skilmálar tíðniuppboðs og tíðniheimildar

(40) Þann 12. apríl 2017 voru birtir skilmálar fyrir uppboð á nánar tilteknum tíðnum þ.á.m. var 2600 MHz tíðnisviðið.⁴

(41) Í lið 3.4 var fjallar sérstaklega um tíðniheimildir á 2600 MHz tíðnisviðinu. Í lið 3.4.2 var fjallað um útbreiðslu og uppbyggingarkröfur. Þar sagði:

„Ekki eru gerðar kröfur um sérstaka útbreiðslu- eða uppbyggingu þjónustu á 2600 MHz tíðnisviðinu. Hins vegar er, eins og ávallt, gerð krafa um skilvirka nýtingu tíðna. Tíðnir skulu vera komnar í skilvirka notkun við framboð á almenntri fjarskiptaþjónustu, sem sannanlega er í boði fyrir almenning og er notuð af endanotendum, innan 12 mánaða.“

(42) Skilyrði hvað þetta varðar var einnig tilgreint í yfirliti yfir helstu skilmála væntanlegra tíðniheimilda, sbr. kafla 9.2. uppboðsskilmálanna, en þar segir:

„Gerð er krafa um að tíðniheimildir sem gefnar verða út í kjölfar uppboðs þessa verði teknar í notkun innan 12 mánaða frá útgáfu þeirra. Með notkun er átt við að fjarskiptaþjónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun. Að öðrum kosti áskilur PFS sér rétt til að fella tíðniheimildina niður án greiðslu skaðabóta. Sama gildir ef þjónusta tíðnirétthafa er lögð niður lengur en 6 mánuði samfelld.“

(43) Uppboðinu lauk 23. maí 2017 og átti Yellow hæsta boð í tíðniheimild L, sem var á tíðnisviðinu 2560 – 2570 / 2680 - 2690 MHz fyrir háhraða farnetsþjónustu. Fékk Yellow úthlutað tíðniheimild á grundvelli framangreinds útboðs og er tíðniheimildin dags. 7. júlí 2017.

(44) Í 1. gr. tíðniheimildarinnar segir m.a. að Yellow fái heimild til notkunar á tíðnum fyrir háhraða farnetsþjónustu að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í heimildinni. Þá segi einnig að heimildin taki til uppsetningar og starfrækslu radióstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita háhraða farnetsþjónustu.

(45) Þá sagði í um nýtingu tíðnisviðsins í 3. mgr. 2. gr. tíðniheimildarinnar:

„Gerð er krafa um að tíðnir skv. heimild þessari verði teknar í notkun innan 12 mánaða frá útgáfu heimildarinnar. Með notkun er átt við að fjarskiptaþjónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun. Að öðrum kosti áskilur PFS sér rétt til að fella tíðniheimildina niður án greiðslu skaðabóta. Sama gildir ef þjónusta tíðnirétthafa er lögð niður lengur en 6 mánuði samfelld.“⁵

(46) Fyrir liggur að Yellow hefur ekki staðið við þau skilyrði sem í tíðniheimildinni felast um skilvirka nýtingu tíðna og tímamörk við að koma á almenntri fjarskiptaþjónustu. Það er skýrlega tekið fram að með notkun sé átt við að fjarskiptaþjónusta standi notendum til boða með aðgengilegum hætti í áskrift eða samkvæmt frelsisnotkun. Í þessu felst að það er ekki nægjanlegt að hafa kveikt á einum sendi og útvarpa radiómerki með netkóða sem hvorki er

⁴ [https://www.pfs.is/library/Skrar/Frettaskrar/Skilmalar-tidniuppboods%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.pfs.is/library/Skrar/Frettaskrar/Skilmalar-tidniuppboods%20-%20Copy%20(1).pdf)

⁵ Umrætt skilyrði var einnig tilgreint í yfirliti yfir helstu skilmála væntanlegra tíðniheimilda í uppboðsskilmálunum, sbr. kafla 9.2.

móttakið og lokið í símsstöðvarbúnaði Yellow né annars fjarskiptafyrirtækis. Það getur ómögulega talist vera skilvirk nýting á tíðni. Skilmálinn vísar auk þess ekki eingöngu til sannanlegrar og skilvirkrar notkunar á tíðninni, heldur einnig til þess að þjónustan eigi að vera virk og aðgengileg fyrir notendur, þ.e. að þeir getið fengið númer og keypt áskriftarleiðir eftir eigin þörfum. Svo er ekki í tilviki Yellow.

(47) Ljóst er að Yellow hóf ekki notkun tíðnanna í þessum skilningi þann 7. júlí 2018, þ.e. innan 12 mánaða frá útgáfu tíðniheimildarinnar eins og áskilið var. Þrátt fyrir að PFS, að beiðni Yellow hafi framlengt umræddan frest Yellow 1. nóvember 2017, er ljóst af gögnum málsins að félagið stóð ekki við skuldbindingu sína.

(48) Enn fremur er sýnt að Yellow hóf ekki notkun tíðnanna þann 1. apríl 2019, eins og það hafði lýst yfir einhliða að það myndi gera í tölvupósti til PFS þann 8. mars 2019.

(49) Ekki eru komnar fram haldbærar skýringar frá Yellow hvers vegna ekki var fylgt þeirri uppfærðu uppbyggingaráætlun sem félagið lagði loksins fram þann 8. mars 2019, eftir að PFS hafði fyrst óskað slíkrar uppfærðar áætlunar á fundinum með forsvarsmönnum Yellow þann 17. september 2018. [...] ⁶

(50) Þær athugasemdir sem PFS bárust frá Yellow eftir að það hafði fengið tilkynningu um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildarinnar eða gangsetning sendis að Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík gefa ekki tilefni til þess að stofnunin endurskoði boðaða ákvörðun um afturköllun tíðniheimildarinnar.

(51) Það er mat Póst- og fjarskiptastofnunar að það feli alls ekki í sér skilvirka notkun tíðna að hafa einn sendi í gangi sem nýti úthlutað tíðnisvið Yellow. Dreifing þessa sendis er það takmörkuð að hún nær aðeins til lítils svæðis umhverfis sendinn. Þetta þýðir að umrætt tíðnisvið er ónothæft öðrum þjónustuaðilum á Höfuðborgarsvæðinu og þegar um takmarkaða auðlind eins og tíðnisvið er að ræða verður eftirlitsstjórnvald að grípa inn í þegar slíkt á sér stað.

3.3. Tæknileg uppbygging á þjónustu og neti Yellow

(52) Eins og fram kemur í kafla 2.2. hér að fram aflaði PFS upplýsinga frá Símanum um þá heildsöluþjónustu sem félagið hefði samið um að veita Yellow. Upplýsingarnar voru síðan bornar undir Yellow sem efnislega staðfesti þær, en gerði um leið tilteknar athugasemdir í tengslum við þær.

(53) Síminn á og rekur þær símsstöðvar og radióbúnað sem notaður er til að veita fjarskiptaþjónustu Yellow gegn endurgjaldi. Samningurinn milli félaganna gerir jafnframt ráð fyrir því að Yellow hafi reiknaðgang innanlands að kerfi Símans og sé þjónustað um alþjóðlegt reiki samkvæmt reikisamningum Símans við önnur félög. Til þess að alþjóðleg reikiþjónusta sé möguleg, af viðskiptalegum ástæðum við núverandi aðstæður Yellow, að þá þarf Yellow jafnframt að hafa aðgang að tiltekinni númeraröð og símsstöðvarkóða Símans.

(54) Þetta er kunnugleg uppsetning á tæknilegri högun á fjarskiptaþjónustu fjarskiptafyrirtækis. Um er að ræða aðgang fjarskiptafyrirtækis sem nær til nánast allra fjarskiptainnviða netrekandans sem fjarskiptafyrirtækið endurselur til sinna viðskiptavina. Fjarskiptafyrirtæki

⁶ Upplýsingar sem varða viðskiptaáætlun Yellow felldar út vegna trúnaðar.

sem starfa samkvæmt slíkri uppsetningu eru nefnd *endursalar*.⁷ Um er að ræða aðila sem starfar ofar í tækni- og virðisdeðju fjarskiptarekstrar, en t.d. aðilar sem eiga og reka eigin miðlægan símsstöðvarbúnað. Slíkur aðili er nefndur *sýndarnetsaðili*⁸ (e. MVNO - Mobile Virtual Network Operator) og hefur aðgang að sendabúnaði (radiókerfi) netrekandans. Hvorugt þessara aðgangsforma fjarskiptafyrirtækja, þ.e. sem *endursali* eða *sýndarnetsaðili*, krefst þess að fjarskiptafyrirtækið hafi aðgang að tíðniheimild til að geta boðið fram og veitt farnetsþjónustu.

(55) Tæknileg uppsetning á fjarskiptaþjónustu Yellow er með þeim hætti að fjarskiptafyrirtækið telst í reynd vera endursöluaðili á fjarskiptaneti Símans. Öll fjarskiptaþjónusta fyrirtækisins er háð því að nota radiókerfi Símans, númer þess og kóða. Sjálfstæð fjarskiptaþjónusta Yellow, sem netrekanda og tíðniréttihafa, er bundin við tiltölulega afmarkað svæði í kringum Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík.

(56) Með þessari tæknilegu uppsetningu hefur Yellow ekki haft þörf fyrir eigin kóða og númer til að hefja fjarskiptaþjónustu, þótt hún sé reyndar ekki hafin enn, sbr. nánar í kafla 3.4.1. hér að neðan. Það kann að skýra hvers vegna félagið sýndi af sér töluvert andvara- og athafnaleysi við það að sækja um kóða og númer hjá PFS, eins og nánar verður fjallað um í kafla 3.4.2. hér að neðan.

(57) Athugasemdir Yellow staðfesta það að félagið telji sig ekki í fyrirsjáanlegri framtíð þurfa að ráðast í frekari uppbyggingu heldur en sem leiðir af þeirri tæknilegu högun sem félagið hefur komið upp í samstarfi við Símans. Slík högun uppfyllir með engu móti skilyrði um skilvirka nýtingu tíðna af hálfu tíðniréttihafa. Þær uppbyggingaráætlanir sem Yellow hefur lagt fram við PFS eru í engu samræmi við þá staðreynd sem nú er orðin, þ.e. að Yellow ætlar sér að að nýta einn sendi, í eigu Símans hf., að Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík, fyrir úthlutaða tíðni, en að öðru leyti að nýta tíðni, númer og reikisamninga Símans hf. í fjarskiptaþjónustu sinni.

3.4. Svör við athugasemdum og málsástæðum Yellow

(58) Í köflunum hér á eftir mun PFS, eftir því sem hún telur tilefni vera til, svara þeim athugasemdum málsástæðum sem komu frá Yellow vegna fyrirhugaðrar afturköllunar á tíðniheimild félagsins. Þá er einnig að finna afstöðu PFS til tiltekinna athugasemda sem bárust frá Yellow í tengslum við upplýsingaöflun stofnunarinnar um tæknilega uppbyggingu á fjarskiptaþjónustu og neti félagsins.

3.4.1. Skilmáli um „notkun“ tíðninnar.

(59) Yellow heldur því fram að skilyrði um notkun tíðninnar feli í sér áskilnað um tæknilegt hlutleysi, sbr. enska þýðingu á orðinu „frelsisnotkun.“

(60) Í fyrsta lagi er þýðing Yellow á orðinu frelsisnotkun augljóslega röng. Hugtakið „frelsi“ sem merking á fyrirframgreiddri fjarskiptaþjónustu er vel þekkt og viðurkennt í íslenskri tungu. Yellow virðist gera sér grein fyrir þessari merkingu orðsins, þar sem félagið heldur því fram að orðið sé eingöngu vörumerki á fyrirframgreiddri fjarskiptaþjónustu hjá 2-3 þremur fjarskiptafyrirtækjum hér á landi. Þrátt fyrir það kýs félagið að leggja rangan skilning í merkingu hugtaksins. Sé hugtakið túlkað í samhengi við önnur orð í setningu skilmálans verður merking þess ótvíræð, þ.e. „með notkun er átt við að fjarskiptaþjónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun“ Þarna stendur orðið

⁷ Dæmi um slíkt fjarskiptafyrirtæki hér á landi er félagið Hringdu sem starfar á fjarskiptaneti Símans.

⁸ Dæmi um slík fjarskiptafyrirtæki hér á landi eru t.d. félögin Tal og síðar 365 miðlar. Tal starfaði á fjarskiptaneti Vodafone, en flutti sig síðar yfir á net Símans. Það fyrirtæki rann síðan saman við 365 miðla sem áfram starfaði á neti Símans þar til það rann saman við Vodafone.

í beinu samhengi við þær þjónustuleiðir sem notendum standa til boða hjá fjarskiptafyrirtækjum, þ.e. annað hvort í einhvers konar áskriftarþjónustu eða fyrirframgreiddri þjónustuleið.

(61) Að mati PFS er skilningur Yellow á umræddu orði „frelsisnotkun“ langsóttur útúrnúningur sem stendur ekki í neinu eðlilegu samhengi við önnur orð setningarinnar og merkingu hennar að öðru leyti. Inntak þessa málsliðar í skilmála tíðniheimildarinnar er að leggja á það áherslu að með notkun á tíðni sé átt við að hún sé í virkri notkun af hálfu endanotenda sem hafi aðgang að viðeigandi smásöluframboði á þjónustunni, þ.e. hafi val um mismunandi þjónustuleiðir.

(62) Yellow gerir ekki nokkra tilraun til að útskýra hvernig fjarskiptaþjónusta félagsins standi notendum til boða á aðgengilegan hátt. Með skilningi félagsins á orðinu frelsisnotkun, þ.e. að um sé að ræða frjálsta notkun eða tæknilegt hlutleysi, telur það nóg að tíðnin eða radiómerkið sé í loftinu án þess að það sé móttekið og að tíðnin flytji gagnastrauma á nokkurn hátt. Reyndar gengur félagið svo langt að telja að skilyrði tíðniheimildarinnar um notkun hafi verið uppfyllt þegar á árinu 2017 þegar félagið hóf prófanir á tíðninni. PFS hafnar því að tæknilegar prófanir á tíðnum feli í sér skilvirka notkun á tíðni, hvað þá að slíkar prófanir uppfylli skilyrði um framboð á fjarskiptaþjónustu sem standi almenningi til boða.

(63) Með tilliti til framangreinds er skilningi Yellow á hugtakinu „frelsisnotkun“ hafnað. Skilmálinn vísar til þess að tíðnin sé notuð á skilvirkan hátt á þann veg að framboð á þjónustuleiðum fyrir notendur til notkunar á tíðninni sé aðgengilegt.

(64) Það liggur fyrir að þann 16. maí 2019, þegar PFS sendi Yellow tilkynningu um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildarinnar hafði Yellow ekki hafið notkun úthlutaðra tíðna eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 3. gr. tíðniheimildarinnar. Þá hefur Yellow enn ekki, þegar þessi ákvörðun er tekin, hafið slíka notkun.

3.4.2. Úthlutun á símsstöðvarkóða og númerum

(65) Því er borið við af hálfu Yellow að ástæður seinkunar við að gangsetja fjarskiptanet Yellow innan tilskilinna tímamarka megi að mestu að rekja til athafna eða athafnaleyfis af hálfu PFS, þ.e. með því að hafa dregið að úthluta félaginu símsstöðvarkóða sem sé forsenda þess að gangsetja kerfið. Yellow hafi fyrst sótt um úthlutun á kóða og númerum á fundi með PFS þann 17. september 2018 og síðan þá ítrekað umsókn sína nokkrum sinnum árangurslaust.

(66) Þessari málsásstæðu hafnar PFS þar sem hún á ekki við rök að styðjast. Á fundi sem PFS átti með forsvarmönnum Yellow þann 17. september 2018 var farið yfir uppbyggingaráætlanir félagsins, þar sem skuldbinding um að hefja notkun á úthlutaðri tíðni félagsins innan 12 mánaða frá útgáfu heimildarinnar hafði brugðist. Á þeim fundi voru ýmiss önnur atriði rædd, m.a. ýmiss skilyrði og forsendur fyrir úthlutun númera og aðrar skyldur sem íslensk fjarskiptafyrirtæki þurfa að uppfylla, s.s. að geta framkvæmt beiðnir lögreglu um lögmætar hleranir á grundvelli dómsúrskurðar.

(67) PFS bauðst til þess að taka saman þessi umræðuatriði í tölvupósti og senda til Yellow. Jafnframt hafði PFS hug á því að leiðbeina félaginu og kalla eftir upplýsingum um tiltekin atriði. Umræddur tölvupóstur var sendur daginn eftir eða þann 18. september 2018. Þegar sá póstur er skoðaður má sjá að hann er til leiðbeiningar fyrir Yellow um tiltekin skilyrði fyrir úthlutun á númerum og um ýmsar aðrar skyldur sem hvíla á félaginu sem skráð íslenskt

fjarskiptafyrirtæki. Í póstinum kallar PFS sérstaklega eftir nánari upplýsingum um starfsemi félagsins í tengslum við skilyrði um úthlutun á kóða og númera, sbr. eftirfarandi:

„PFS kallar eftir útskýringum frá Yellow hvernig starfsemi félagsins fái samrýmst þessum skilyrðum, svo það uppfylli skilyrði fyrir úthlutun númera og kóða“

(68) Í niðurlagi tölvupóstsins fer PFS fram á að Yellow sendi stofnuninni formlegt bréf þar sem gerð verði grein fyrir viðskiptaáætlun félagsins og uppbyggingaráætlun fjarskiptaþjónustunnar. Síðan er sérstaklega tiltekið að í umræddu bréfi skuli Yellow leggja fram umsókn um númer og kóða til samræmis við þær forsendur sem PFS hafði leiðbeint um í póstinum. Orðrétt hljóðar þessi setning tölvupóstarins svo í íslenski þýðingu:

„Að lokum fer PFS fram á að Yellow afhendi stofnuninni bréf sem lýsi viðskiptaáætlun félagsins og áætlun um uppbyggingu fjarskiptanets á Íslandi á næstu árum (þ.e. efnis glærुकyningaráætlun). Í þessu bréfi ætti Yellow, í samræmi við þær forsendur sem lýst var hér fyrir ofan, að senda umsókn um númer og kóða sem félagið leitast eftir að fá úthlutað frá PFS“

(69) Af þessu niðurlagi tölvupóstsins má glögg sjá að það var ekki skilningur PFS að Yellow hefði lagt fram umsókn um kóða og númer á fundi með forsvarsmönnum félagsins þann 17. september 2018. Félaginu er leiðbeint um að það þurfi að leggja fram formlega umsókn sem hafi að geyma tilteknar upplýsingar um starfsemi félagsins. Eins er ljóst að PFS hefur frá upphafi sett það sem skilyrði fyrir úthlutun á kóða og númerum að Yellow legði fram uppfærða uppbyggingaráætlun, ásamt skriflegri viðskiptaáætlun. Uppfærð uppbyggingaráætlun var ekki lögð fram fyrr en 8. mars 2019. Þeirrar staðreyndar er meira að segja getið í athugasemdum Yellow og ætti því að vera óumdeild.

(70) Tölvupósti PFS er svarað af Yellow með tölvupósti frá 25. september 2018. Í póstinum koma fram ýmis svör félagsins við ábendingum og leiðbeiningum PFS. Einnig kemur fram hvaða númer Yellow myndi hafa áhuga á. Í niðurlagi tölvupóstsins er hins vegar tileikið að þau gögn sem PFS hafði óskað eftir í tengslum við fyrirhugaða skriflega umsókn Yellow um kóða og númer, þ.e. bréf með uppbyggingaráætlun félagsins, yrði afhent í næstu viku, eins og það var orðað. Það bréf barst aldrei, en félagið afhenti stofnuninni uppfærða glærुकyningu um uppbyggingaráform Yellow í mars 2019, eins og fyrr er getið.

(71) Yellow heldur því fram að skriflegar umsóknir um kóða og númer sem komu fram á síðari stigum, sbr. umsókn um kóða þann 21. nóvember 2018 og umsókn um númer þann 13. júní 2019, hafi einungis verið ítrekanir á upphaflegri umsókn félagsins frá 17. september 2018. Eins og PFS hefur sýnt fram á er ekkert í samskiptum stofnunarinnar við Yellow sem gaf félaginu tilefni til að ætla að stofnunin hefði talið sig hafa mótttekið umsókn um kóða og númer á fundi með félaginu þann 17. september 2018. Þvert á móti staðfesta gögn að svo hafi ekki verið. Í annan stað eru engar tilvísanir í þessum skriflegu umsóknum Yellow sem gefa til kynna þann skilning félagsins að um hafi verið að ræða ítrekun á fyrri umsóknum.

(72) Það er rétt að PFS hafnaði að taka umsókn Yellow um símsstöðvarkóða til frekari meðferðar með tölvupósti þann 6. desember 2018. Á þeim tímapunkti var félagið í vanskilum um árgjöld tíðna fyrir árið 2018 og hafði einnig verið það lengi fram eftir ári 2017, vegna gjalda þess árs. Í þessu fólst ekki efnisleg höfnun á umsókninni, heldur tilkynning um að stofnunin gæti ekki haldið meðferð hennar áfram vegna vanskila Yellow. Umrædd tíðnigjöld höfðu verið lögð á Yellow í mars 2018. Síðar á því ári voru tíðnigjöld lækkuð með lagabreytingu, sbr. lög

nr. 72/2018 frá 8. júní 2018 til breytinga á lögum um nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Tíðnigjöld eru lögð á 1. mars á hverju ári „fyrir notkun tíðna á því sama ári“, eins og það er orðað í 3. mgr. 14. gr. a. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, þ.e. fyrir árið í heild sinni. Álagning tíðnigjalda af hálfu PFS byggði þannig á gildri skattlagningarheimild. Við upphaf ársins 2019 var það tekið til skoðunar af hálfu PFS hvort að rétt væri að lækka álagningu fyrra árs vegna þess að tíðnigjöld hefðu lækkað um mitt árið 2018. Þó svo að lög séu almennt ekki afturvirk og breyti ekki álagningu sem þegar hafði verið framkvæmd í tíð eldri laga fyrir allt árið taldi PFS sanngjarnt að láta gjaldendur tíðnigjalda njóta vafans í þessu tilviki. Ákvað PFS því að lækka álagningu gjalda almennt og bakfæra þau gjöld sem höfðu verið greidd umfram lækkunina frá miðju ári 2018. Þetta var gert að eigin frumkvæði stofnunarinnar. Það er ekki fyrr en með þeirri ákvörðun PFS í febrúar á árinu 2019 um endurgreiðslu hluta af innheimtum tíðnigjöldum síðasta árs sem Yellow komst í þá stöðu að vera ekki lengur í vanskilum. Það er því ekki réttur skilningur hjá Yellow að félagið hafi verið í fullum skilum um tíðnigjöld þegar umsókn félagsins var lögð fram í nóvember 2018.

(73) Það hvort að Yellow var í vanskilum með tíðnigjöld í nóvember er þó ekki aðalatriði eða það sem ræður úrslitum um að félagið fékk síðan ekki úthlutun á kóðanum fyrr en þann 26. mars 2019. Frá upphafi samskipta PFS og Yellow um úthlutun á kóða og númerum hafði PFS gert það að skilyrði að félagið legði fram skriflega umsókn þar sem fram kæmu upplýsingar um viðskipta- og uppbyggingaráætlanir félagsins. Þetta skilyrði fyrir úthlutun kóðans er áréttað í tölvupósti til Yellow þann 4. mars 2019. Umræddum gögnum er skilað með tölvupósti 8. mars 2019 og kóðanum svo úthlutað nokkrum dögum síðar eða þann 26. mars.

(74) Eins og framangreind umfjöllun ber með sér hefur Yellow lengst af sýnt af sér ákveðið framtaks- og athafnaleysi um að uppfylla þær kröfur sem PFS hefur gert til félagsins. Félagið fylgdi því þannig ekki eftir að afhenda PFS umbeðin gögn sem stofnunin hafði leiðbeint um að væri forsenda úthlutunar á kóða og númerum. Skrifleg umsókn Yellow um númer berst ekki PFS fyrr en stofnunin hafði tilkynnt um fyrirhugaða afturköllun á tíðniheimildinni og rétt um þremur vikum fyrir boðaða tímasetningu á afturkölluninni. Þess í stað hefur PFS á síðustu misserum þurft að vera í ítrekuðum og tímafrekum samskiptum við Yellow vegna vanskila félagsins á lögboðnum gjöldum fyrir árin 2017 og 2018. Að mati PFS bendir það til þess að félagið hafi ekki haft raunverulegan áhuga á því að ávinna sér traust og trúverðugleika í augum stofnunarinnar og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar væru til að starfsemi á þess vegum gæti hafist hér á landi.

(75) Að öllu framangreindu virtu er ljóst að dráttur á úthlutun á símsstöðvarkóða og númera til Yellow er ekki á ábyrgð PFS, heldur stafar hann af því að félagið fylgdi ekki leiðbeiningum stofnunarinnar og dró að afhenda henni umbeðin gögn sem hún taldi nauðsynleg til afgreiðslu á umsóknunum.

(76) Þá ber að geta þess að með tölvupósti þann 15. júlí 2019 tilkynnti PFS að umsókn Yellow um númer, dags. 13. júní 2019, hefði verið sett í bið á meðan leyst væri úr því hvort tíðniheimild félagsins yrði afturkölluð. Ástæðan er ekki sú sem félagið heldur fram, þ.e. að PFS hafi litið svo á að heimildin hafi þá þegar þegar verið afturkölluð í framkvæmd. Ástæðan helgast fyrst og fremst af eðlilegri umsýslu PFS með númerum sem eru takmörkuð auðlind. Þegar númeraröð er úthlutað til fjarskiptafyrirtækis er hún skráð inn í viðkomandi símsstöð og gagnagrunn uppflættinga um númer (HIN), auk þess sem netrekandi tilkynnir um númeraröðina til sinna erlendu viðsemjanda um reiki sem eru fjarskiptafyrirtæki út um allan heim. Númeraröðin er skráð á nafn og símsstöðvarkóða þess félags sem fengið hefur röðinni úthlutað. Gangi úthlutun númeraraðar tilbaka af einhverjum ástæðum er ekki svo auðvelt að endurúthluta

henni til annars aðila síðar, þar sem upp geta komið misræmi um upplýsingar um skráðan rétthafa. Því var eðlilegt að beðið væri með úthlutun á númerum til Yellow, a.m.k. í nokkrar vikur, þar til leyst væri úr því hvort tíðniheimild félagsins yrði afturkölluð eða ekki.

3.4.3. Alþjóðleg reikiþjónusta

(77) Alþjóðleg reikiþjónusta er nær ómissandi hluti af nútíma farnetsþjónustu, einkum ef markhópur fjarskiptafyrirtækis er að hluta til ferðalangar sem eiga leið sína um Keflavíkurlflugvöll. Af þessum sökum er farnetsrekanda sem ræður yfir tíðniheimild nauðsynlegt að gera reikisamninga við fjarskiptafyrirtæki í Evrópu og á alþjóðlega vísu. Oft er hægt að gerast aðili að reikisamningsþökkum sem gefur reikiaðgang hjá tilteknum samstarfshópi farnetsrekanda víðsvegar um heiminn. Meginskilyrði fyrir gerð alþjóðlegra reikisamninga er að viðkomandi fjarskiptafyrirtæki eigi aðild að alþjóðasamtökum farnetsrekanda, GSMA.

(78) Til að fá aðild að GSMA samtökunum þarf fjarskiptafyrirtæki að leggja fram þær tíðniheimildir sem það hefur yfir að ráða í enskri útgáfu, sbr. athugasemd Yellow í e.-lið kafla 2.2. hér að framan. Ekki liggur fyrir hvort og þá hvenær Yellow hóf að gera ráðstafanir til að gerast aðili að GSMA. Hins vegar er ljóst að félagið hafði ekki samband við PFS til að grennslast fyrir um enska útgáfu af tíðniheimild félagsins fyrir en því hafði verið tilkynnt um fyrirhugaða afturköllun heimildarinnar eða þann 16. maí 2019.

(79) Enn og aftur þykir PFS þetta til marks um ákveðið framtaksleysi af hálfu Yellow. Félagið leitar ekki eftir enskri útgáfu tíðniheimildarinnar til að geta gerst aðili að GSMA samtökunum fyrir en eftir að stofnunin hafði tilkynnt um fyrirhugaða afturköllun hennar. Með heildsölusamningi sínum við Símann hafði félagið aðgang að reikisamningum Símans. Þannig gat Yellow boðið upp á alþjóðlega reikiþjónustu sem *endursali* á fjarskiptaneti Símans, en ekki sem sjálfstæður netrekandi sem ræður yfir eigin tíðniheimild. Virðist Yellow ekki hafa haft neinn hvata til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera alþjóðlega reikisamninga í eigin nafni fyrir en allt var komið í óefni með efndir félagsins á skuldbindingum tíðniheimildarinnar.

3.4.4. Prentun á SIM kortum

(80) Yellow hefur lagt fram pöntun á 10.000 SIM kortum, en ekki staðfest hana enn þá. Ástæðuna segir Yellow vera öryggissjónarmið, þar sem öruggara sé að prenta þau símanúmer sem félagið fær úthlutað frá PFS beint á kortin hjá framleiðanda.

(81) PFS hefur úthlutað númerum til fjarskiptafyrirtækja í áratugi. Stofnunin veit engin dæmi þess að pantanir og kaup á SIM kortum hafi verið látin bíða þar til úthlutun um tilteknar númeraraðir lægi fyrir svo hægt væri að prenta símanúmerin beint á kortin hjá framleiðanda. Lausleg könnun PFS á fyrirkomulagi þessara mála hjá helstu farnetsfyrirtækjum hérlendis leiðir í ljós að þau panta SIM kort án þess að láta framleiðandann prenta símanúmerin beint á kortin. Meðal svara var að það myndi flækja alla ferla og þjónustu og auka kostnað. Það sé svo rík hefð fyrir númeraflutningi hér á landi, sbr. 52. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, þ.e. að notendur haldi sínu númeri við þjónustuf lutning, að það sé ástæðulaust að prenta símanúmer úr númeraröð fjarskiptafyrirtækis á SIM kort við framleiðslu.

(82) Samkvæmt framangreindu láta helstu fjarskiptafyrirtæki ekki prenta símanúmer á SIM kort hjá framleiðanda. Þykir það óhentugt og ekki falla að íslenskum markaðsaðstæðum, þar sem ríkir tiltölulega mikill hreyfanleiki notenda milli þjónustuveitenda. Því virðist sú fullyrðing Yellow ekki standast að fjarskiptafyrirtæki, nú til dags, láti framleiðendur SIM korta prenta símanúmer beint á kortin. Virðist Yellow ekki reikna með háu hlutfalli af nýjum

viðskiptavinum sem taka með sér númer sem þeim hafa þegar verið úthlutað sem ætti að gera slíka fyrirfram prentun óþarfa að miklu leyti.

(83) Þá þykir PFS málflytningur Yellow hvað þetta varðar ótrúverðugur. Skrifleg umsókn Yellow um tiltekna númeraraðir, dags. 13. júní 2019, barst ekki PFS fyrir en nokkru eftir að stofnunin hafði tilkynnt félaginu um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildarinnar. Umsóknin berst á sama tíma og PFS var að beina spurningum til Símans um hvaða aðföng til farnetsreksturs félagið væri að veita Yellow samkvæmt samningi, m.a. hvað varðar númer og kóða.⁹ Í símtali sem fyrirsvarsmenn Yellow áttu við stofnunina þann 14. júní 2019 kom fram vitneskja þeirra um að PFS væri að grennslast fyrir um tilhögun á samstarfi félagsins við Símann, með þeim orðum að PFS væri að beina spurningum til Símans um Yellow. PFS útskýrði að stofnunin væri að beina spurningum sjálfstætt til Símans um heildsöluviðskipti þess fyrirtækis. PFS hygðist gera Yellow grein fyrir upplýsingunum sem fram kæmu við þessa eftirgrennslan, sem og stofnunin gerði sbr. tölvupóst 18. júní 2019 (sjá kafla 2.2.)

(84) Samkvæmt gögnum málsins gerði Yellow engan raunverulegan reka að því að sækja um númer fyrir en að félaginu var ljóst að PFS væri að spyrjast fyrir um aðgang þess að númerum og kóða í heildsöluviðskiptum við Símann. Því fær sú fullyrðing ekki staðist að Yellow hafi af öryggisástæðum beðið með þöntun á SIM kortum þar til í ljós kæmi hvaða númer félagið fengi úthlutað, enda hefði þá umsókn Yellow um númer þurft að skila sé mun fyrir hafi félagið átt að eiga einhvern raunhæfan möguleika á því að geta hafið starfsemi sem netrekandi í samstarfi við Símann fyrir tilskyldan tíma. Hafi það ekki verið alvarleg yfirsjón hjá Yellow að gera ekki ráðstafanir til að sækja um eigin númeraraðir mun fyrir má ætla að félagið hafi ekki talið sig þurfa þess. Allt ber þetta að sama brunni, þ.e. að félagið hafi í reynd ætlað að starfa sem endursöluaðili á fjarskiptaneti Símans, fremur en að starfa sem sjálfstæður netrekandi á grundvelli eigin tíðniheimildar.

3.4.5. Fyrri fordæmi, jafnræði og meðalhóf

(85) Yellow vísar til þess að til séu fordæmi fyrir því hvernig PFS tekur á fjarskiptafyrirtækjum sem grunuð eru um að brjóta gegn skilmálum tíðniheimilda. Vísar félagið til þess að PFS hafi lagt dagsektir á 365 miðla ehf. fyrir að vanefnda skuldbindingar um útbreiðslu á þjónustu og þá fjórum árum eftir útgáfu tíðniheimildarinnar. Yellow fer fram á að jafnræðis sé gætt og vísar í því sambandi til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum.

(86) Hvað varðar vanefndir 365 miðla ehf. sem Yellow vísar til að þá voru vanefndir félagsins ekki af sama toga og staða þess fyrirtækis mjög ólík stöðu Yellow. Fjarskiptafyrirtækið 365 miðlar ehf. hafði verið starfrækt til margra ára og upphaflegur grunnur fjarskiptastarfseminnar hafði verið í höndum IP- fjarskipta ehf. og síðar Tals ehf., en það félag hafði runnið saman við 365 miðla ehf. Viðskiptamannahópur þess félags taldi nokkur þúsund manns. Fyrirtækið átti og rak sína eigin farnetssímstöð. Umrætt fyrirtæki hafði fjárfest í fjarskiptainnvíðum og hafði uppi áform um að reisa eigið radiókerfi hér á landi með umtalsverðri útbreiðslu. Hefðu þau áform orðið að veruleika hefði það haft í för með sér verulegan ávinning fyrir neytendur á fjarskiptamarkaði, einkum í hinum dreifðu byggðum m.t.t. þeirra ríku útbreiðslukrafna sem voru í tíðniheimild félagsins. Með öðrum orðum var um að ræða fjarskiptafyrirtæki sem boðið hafði fram og veitt þúsundum viðskiptavina fjarskiptaþjónustu á farsælan hátt til fjölda ára. Staða þess fyrirtækis er því ekki sambærileg við Yellow sem býður enga fjarskiptaþjónustu hér á landi, hefur enga viðskiptavini og hefur frá útgáfu tíðniheimildarinnar ekki sýnt nein merki

⁹ Samkvæmt málaskrá PFS voru fyrirsvarspóstar stofnunarinnar til Símans um þjónustu við Yellow sendir á tímabilinu 3.- 18. júní 2019.

þess, a.m.k. ekki nein sem PFS hefur verið upplýst um, að hefja fjarskiptastarfsemi fyrir almenning hér á landi, markaðssetja þjónustuna og gera hana aðgengilega fyrir notendur.

(87) Þá ber að geta þess að það var aldrei uppi ágreiningur milli 365 miðla ehf. og PFS um að vanefndir af hálfu félagsins væru til staðar. PFS taldi vera tilefni til að veita félaginu svigrúm til að uppfylla skuldbindingar sínar, eins og PFS hefur gert í tilviki Yellow, en síðar af auknum þrýstingi með álagningu dagsekta. Þegar félaginu var ljóst að það gæti ómögulega staðið við skuldbindingar sínar að þá skilaði það tíðniheimildinni til PFS, fremur en að sæta dagsektum. Staðan er önnur í tilviki Yellow sem hafnar því að vera að vanefna skuldbindingar samkvæmt tíðniheimildinni, þrátt fyrir að vera ekki að veita neina fjarskiptaþjónustu. Helst má ráða af málalítilbúnaði félagsins að það telji sig ekki þurfa gera neitt frekar til að efna skuldbindingar sínar. Við þær aðstæður koma dagsektir síður til greina sem viðbrögð við vanefndum.

(88) Nærtækari fordæmi fyrir því hvernig bregðast eigi við vegna vanefnda Yellow er að horfa til þess hvernig PFS hefur áður brugðist við vanefndum fjarskiptafyrirtækja með tíðniheimild sem hafa ekki sýnt nein merki þess að hafa lagt í nauðsynlega fjárfestingu í rekstri til að geta boðið og breitt út fjarskiptaþjónustu í samræmi kröfur í tíðniheimild. Í slíkum tilvikum þegar PFS hefur gefið fjarskiptafyrirtækjum hæfilega viðbótarfresti til að efna skuldbindingar sínar og engin merki eru um að þær verði efndar í fyrirsjáanlegri tíð að þá hefur PFS afturkallað tíðniheimildir slíkra aðila, sbr. eftirfarandi ákvarðanir:

- Ákvörðun PFS nr. 26/2008 um afturköllun á tíðniheimild Nordisk Mobil Ísland ehf. frá 10. nóvember 2008.
- Ákvörðun nr. 28/2008 um afturköllun á tíðniheimild Amiltelo AG frá 1. desember 2008.
- Ákvörðun nr. 5/2010 um afturköllun á tíðniheimild Icecell ehf. frá 11. mars 2010.

(89) Félögin höfðu það sammerkt að vera ekki með viðskiptavini og hafa enga fjarskiptaþjónustu í boði. Staðan er sú sama með Yellow. Verður því ekki séð að PFS sé að koma fram við fyrirtækið á annan hátt en við önnur fjarskiptafyrirtæki sem hafa verið í sömu eða sambærilegri stöðu vanefnda. Jafnræðisreglan er því ekki brotin gagnvart Yellow, hvorki að íslenskum rétt né reglum EES-réttar.

(90) Gögn málsins sýna að Yellow hefur í reynd ekki lagt neitt að mörkum svo að fjarskiptaþjónusta félagsins, sem sjálfstæðs farnetsrekenda með eigin tíðniheimild, hafi getað orðið að veruleika, þ.e. fyrir utan það að greiða fyrir tíðniheimildina í uppboði og árleg tíðnigjöld í framhaldi af því með talsverðum eftirgangsmunum af hálfu PFS. Allt annað eru ómarkviss viðbrögð á síðustu stundu til afla aðfanga til fjarskiptastarfsemi sem eiga að vera í höndum farnetsnetrekenda sem starfar samkvæmt eigin tíðniheimild.

(91) Staðan er sú að Síminn á og rekur allan farnetsbúnað fyrir félagið, sem reyndar er bara einn sendir sem er staðsettur við höfuðstöðvar Símans. Yellow hefur ekki gert reka að því að gera eigin reikisamninga vegna alþjóðlegs reikis og er nú rösklega tveimur árum eftir útgáfu tíðniheimildarinnar ekki ennþá meðlimur í GSMA alþjóðasamtökum farnetsrekenda, sem er forsendan fyrir gerð slíkra samninga. Aftur virðist ljóst að félagið hefur ætlað að styðjast við reikisamninga Símans í þeim efnum. Það sama gildir um SIM kort sem ætluð eru til að veita þjónustuna. Þau hafa ennþá ekki verið pöntuð frá framleiðanda og skýringar Yellow um ástæður þess eru ekki tækar að álitum PFS. Hefði Yellow raunverulega ætlað sér að veita fjarskiptaþjónustu hér á landi hefði félagið fyrir löngu átt að vera búið tryggja sér úthlutun á

kóða og númerum frá PFS með afhendingu á nauðsynlegum upplýsingum þar að lútandi, ásamt því að panta SIM kort og hefja markaðssetningu á fjarskiptaþjónustunni. Allt þetta skortir.

(92) Þegar PFS velur það úrræði sem best þykir henta til að bregðast við vanefndum Yellow og uppfylla lögmætt markmið um að koma á skilvirkri nýtingu á tíðnirófinu horfir stofnunin til staðreynda um framangreint. Hér er ekki um að ræða að það vanti eitthvað upp á að kröfum sé fylgt, sem rétt væri að knýja á um efndir á með dagsektum. Hér er staðan sú að verulega skortir á að félagið hafi lagt að mörkum til að uppfylla kröfurnar og telur sig í reynd þegar vera uppfylla þær að fullu, þótt augljóst sé að svo er ekki. Þegar svo háttar til telur PFS það ekki vænlegt til árangurs að beita dagsektum, enda þá verið að knýja á um efndir sem félagið hefur endurtekið sýnt að það hafi ekki vilja eða getu til efna. Í slíkum tilvikum er nærtækara að afturkalla réttindin fremur en að leggja á aðila fjárhagslegar byrðar til að standa við skuldbindingar sem reynst hafa honum um megn að efna, þótt að PFS hafi veitt aukið svigrúm til þess með framlengingu á tímafrestum.

(93) Þannig er um að ræða grundvallarforsendubrest fyrir því að Yellow geti starfað áfram sem tíðnirétthafi hér á landi. Það er skýr og lögmætur áskilnaður fyrir afturköllun á tíðniréttindum í tíðniheimildum þegar tíðnirétthafi stendur ekki við þær grundvallarkröfur sem gerðar eru til hans, en slíkur skilmáli á sér jafnframt ótvíræða lagastöð. Það er jafnframt mat PFS að slík ráðstöfun sé í betra samræmi við sjónarmið um skilvirka nýtingu tíðnirófsins, þar sem full þörf er á virkri notkun þessa tíðnisviðs fyrir íslenskan fjarskiptamarkað.

3.5. Samandregin niðurstaða

(94) Eins og rakið er í ákvörðun þessari hefur Yellow ekki staðið við þá grundvallarskyldu sem hvílir á tíðnirétthafa, þ.e. að veita þjónustu á tíðnisviðinu sem stendur notendum til boða á aðgengilegan hátt. Þótt Yellow hafi virkjað einn sendi að Suðurlandsbraut 28 í Reykjavík sem sendir út radiómerki á tíðnisviði Yellow er engin raunveruleg þjónusta í boði á vegum félagsins. Ef úthlutuð tíðni er ekki notuð til að veita þjónustu brestur meginforsendan fyrir úthlutuninni, þ.e. skilvirk nýting tíðnirófsins.

(95) Allar fyrirbyggjandi upplýsingar og samskipti við Símann og Yellow um tæknilega högun á fjarskiptaþjónustunni og fjarskiptanetinu bendir til þess að ætlun Yellow hafi verið að starfa sem endursali á fjarskiptaþjónustu á farneti Símans. Slíkur aðili hefur enga þörf fyrir tíðniheimild, enda er hún að mestu óvirk og ónotuð við þær aðstæður.

(96) Samskipti PFS við Yellow sýna endurtekið að félagið hefur ekki sýnt fyrirhyggju eða framtakssemi um að afla sér í tæka tíð nauðsynlegra aðfanga til að geta starfað sem sjálfstæður netrekandi á grundvelli eigin tíðniheimildar.

(97) Það kemur fram í athugasemdum Yellow að félagið telji sig þegar vera að uppfylla skilmála tíðniheimildarinnar, þ.m.t. um skilvirka nýtingu tíðnirófsins. Félagið gerir engar tilraunir til að lýsa því hvernig fjarskiptaþjónusta fyrir notendur muni standa til boða í framtíðinni. Af því má ráða að félagið telji sig ekki þurfa að byggja frekar upp eða veita þjónustu. Þegar tíðnirétthafi hefur annað hvort ekki getu eða vilja til að efna þær skuldbindingar sem á honum hvíla, er nærtækasta úrræði PFS að afturkalla viðkomandi réttindi.

(98) Það er álit PFS að stofnunin hafi sýnt mikla biðlund og gengið eins langt og lög standi til í því skyni að koma til móts við óskir Yellow um frest á tímamörkum til að koma á almennri fjarskiptaþjónustu. PFS hefur dregið það allt frá 1. nóvember 2018 að grípa til tilkynningar um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildarinnar. Það þrátt fyrir að Yellow greiddi ekki áskilin

tíðnigjöld á réttum tíma og hæfi ekki almenna fjarskiptaþjónustu á þeim tíma sem það hafði sjálft ákveðið einhliða.

(99) Með vísan til alls ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun að öll skilyrði fyrir afturköllun tíðniheimildar Yellow séu fyrir hendi. Verður ekki hjá því komist, með vísan til 10. gr. tíðniheimildarinnar og 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sbr. einnig 73. gr. sömu laga, að afturkalla heimild fyrirtækisins til notkunar á tíðnisviðinu 2560 - 2570 / 2680 - 2690 MHz fyrir háhraða farnetsþjónustu.

Ákvörðunarorð

1. Með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er tíðniheimild Yellow B.V. fyrir tíðnisviðið 2560 - 2570 / 2680 - 2690 MHz fyrir háhraða farnetsþjónustu, dags. 7. júlí 2017, afturkölluð.
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 23. ágúst 2019

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson

Hjalti Pálmason